



3

Samheldni, gleði og skátaandi á Úlfljótsvatni

Þrátt fyrir rigningu var fjölmennit á landsmóti skáta sem fram fór í Útlífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni dagana 12.-19. júlí sl. Skemmtilega myndasýrpu frá landsmótinu má finna á bls 3.

Gjaldfrjálsar skólamáltíðir í Grunnskólanum í Hveragerði

Samþykkt var hjá bæjarráði Hveragerðisbæjar í morgun, fimmtudaginn 18. júlí, að skólamáltíðir í Grunnskólanum í Hveragerði verði gjaldfrjálsar skólaárið 2024-2025. Áfram er þó gert ráð fyrir að foreldrar skrái börn sín í skólamáltíðir.

Ráðstöfunin hefur óhjákvæmilega í för með sér aukin fjárútlát fyrir bæjarfélagið en verið er að kanna möguleikann á að sameiginlegt, miðlægt eldhús

verði í nýrri viðbyggingu grunnskólans. Eldhúsið gæti þá nýst fyrir alla leik- og grunnskóla bæjarins og myndi þá leiða til aukinnar hagkvæmni í rekstri.

Bæjarráð undirstrikar mikilvægi þess að tryggja áframhaldandi gæði og hollustu skólamáltíða í Hveragerðisbæ í takt við lýðheilsuáhrif bæjarins og gildandi næringarstefnu mötuneyta Hveragerðisbæjar.

Þá vísaði bæjarráð því til vel-

ferðar- og fræðslunefndar að fjalla nánar um þessi mál á sínum vettvangi. Reiknað er með að nefndin leggi umsögn sína og tillögur fyrir fund bæjarráðs í september 2024.

Bæjarfulltrúi D-listans sat hjá við afgreiðslu málsins í bæjarráði en fagnar því að skoða eigi þann möguleika að vera með eitt eldhús fyrir skólastofnanir Hveragerðisbæjar.

Hveragerðisbær



Ljósmynd: Hveragerðisbær



7

Mikil ánægja með heimsókn Garðyrkjufélags Íslands á Flúðir

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA bZ4X

100% RAFMAGNSBÍLL

Toyota Selfossi



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

TRYGGVI KR. GESTSSON,
Réttarholti 3, Selfossi,
áður Hróarsholti í Flóa,

verður jarðsönginn frá Selfosskirkju þriðjudaginn 30. júlí klukkan 14. Starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurlands eru færðar sérstakar þakkir fyrir hlýju og góða umönnun.

Guðrún Tryggvadóttir Þórir Haraldsson
Guðbjörg S. Tryggvadóttir Þorsteinn Gíslason
Hrafnhildur Tryggvadóttir Bragi Þór Svavarsson
Álfheiður Tryggvadóttir Sverrir Jón Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn



Gissur ráðinn sviðsstjóri Vettvangseftirlits hjá MAST



Mynd: MAST.

Gissur Kolbeinsson hefur verið ráðinn sviðsstjóri Vettvangseftirlits hjá Matvælastofnun. Gissur er með farsæla stjórnunarreynslu að baki. Hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna (BHM) í samtals þrjú og hálf ár en þar áður starfaði hann sem fjármála- og

rekstrarstjóri félagsins í sjö ár. Sem framkvæmdastjóri BHM vinnur Gissur náið með 24 fag- og stéttarfélagum sem heyrja undir bandalagið og framfylgir ákvörðunum stjórna þeirra, en málaflókkar Matvælastofnunar tengjast mörgum þeirra. Í starfi sínu sem framkvæmdastjóri hefur hann borið ábyrgð

á daglegum rekstri, áætlanagerð og mannaudsmálum félagsins ásamt þjónustu til aðildarfélaga. Auk þess gegnir hann stöðu framkvæmdastjóra Orlofsjóðs BHM, Sjúkrasjóðs BHM og Styrktarsjóðs BHM. Sem fjármála- og rekstrarstjóri BHM bar hann ábyrgð á ráðstöfun fjármuna félagsins sem og tengdra sjóða. Hann hefur einnig unnið að og leitt stefnumótun innan félagsins, borið ábyrgð á mannaudsmálum og verið leiðandi í umbótum og þróun stafrænna innviða.

Gissur er með M.Sc. í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands og B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst. Auk þess hefur hann lokið diplómanámi sem viðurkenndur stjórnarmaður.

Gissur mun taka við sem sviðsstjóri Vettvangseftirlits sem er eftirlitssvið Matvælastofnunar. Við þjóðum Gissur innilega velkominn til Matvælastofnunar.

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.




Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is

HARPA
ÚTFARARSTOFA



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Grímuskylda tekin upp aftur á HSU

Frá og með 17. júlí verður skylt að bera grímu í öllum samskiptum við sjúklinga á bráðamóttöku, lyflækninga- og göngu-deild HSU. Þetta á við um alla skjólstæðinga, heimsóknargesti og aðra utanaðkomandi aðila.

Skjólstæðingar með öndunar-færaeinkenni skulu undantekningarlaust bera grímu á öllum starfsstöðvum HSU.

HSU minnir einnig á mikilvægi handhreinsunar, sem er einfaldasta og áhrifaríkasta leiðin til að rjúfa smitleiðir.

Þessar ráðstafanir verða endurskoðaðar í lok mánaðarins.




AÐALSKOÐUN

Fornbíla, ferðabíla, ferðavagna, bifhjól og ökutæki sem bera einkamerki með bókstaf sem endastaf skal færa til skoðunar í maí!

"Ökutæki skal fært til reglubundinnar skoðunar í síðasta lagi fyrir lok annars mánaðar eftir að lögbundnum skoðunarmánuði lýkur"

Hamar í Evrópukeppni og semur við nýjan þjálfara

Íslands-, bikar- og deildarmeistarar Hamars í blaki karla taka þátt í CEV challenge cup næsta vetur, en CEV er þriðja stærsta keppni Evrópska blaksambandsins, næst á eftir Champions league og CEV Cup Evrópukeppninni. Keppnin er útlátarkeppni þar sem leikið er heima og heiman. Búið er að draga í fyrstu umferð og fengu Hamarsmenn VC Limax Linne, silfurliðið í efstu deild og bikarkeppninni í Hollandi. Leikirnir munu fara fram á bilinu 8. til 17. október. Nánari staður og stund skýrist síðar.

Hamarsmenn gengu jafnframt á dögnum frá ráðningu nýs þjálfara. Egill Þorri Arnarsson hefur nú tekið við liðinu en hann hlaut blakuppeldi sitt

hjá Stjörnunni í Garðabæ. Egill hefur mikla þjálfarareynslu en hans síðustu verkefni voru þjálfun liðs Álfanness í efstu deild kvenna auk þess sem hann var aðstoðarþjálfari karlalandsliðsins nú í vor og hafði þar áður verið aðstoðarþjálfari hjá kvennalandsliðinu.



Lausnamiðaðir skátar á fyrsta landsmóttinu í átta ár

Þrátt fyrir rigningu var fjölmennt og mikil stemning þegar skátar sungu, dönsuðu og fögnuðu því að geta komið aftur saman eftir 8 ára hlé á opunarhátíð Landsmóts skáta föstudaginn 12. júlí sl. Mótið fór fram dagana 12.-19. júlí í Útlífsmiðstöð skáta á Úlfjótssvatni. Fella þurfti síðasta mót vegna Covid-19. Var það því vel við hæfi að halda landsmótið á Úlfjótssvatni í ár þar sem fyrsta mótið fór einmitt fram á Úlfjótssvatni fyrir 50 árum.

Það sem hefur einkennt landsmóttin hingað til eru sam-

heldni, gleði og skátaandi og var mótið í ár engin undantekning þar á. Skátar frá öllum landshornum voru mættir til að taka þátt í fjölbreyttri dagskrá, skapa ógleymanlegar minningar og styrkja vináttuböndin. Þema mótsins í ár var „Ólíkir heimar“ sem vísar til þess að á landsmóti eru ekki bara íslenskir skátar heldur koma skátar alls staðar að úr heiminum, enda er skáta-hreyfingin stærsta æskulýðs- og friðarhreyfing í heimi.

Dagskráin á móttinu var fjölbreytt og skemmtileg þar sem öllum var mögulegt að finna

eithvað við sitt hæfi, reyna við nýjar áskoranir og á sama tíma, eignast nýja vini. Á dagskránni voru meðal annars hike-gönguferðir, sköpunarsmiðjur, bogfimi, klifur og stór þrautasvæði. Stór hluti skátastarfs byggir á þjónustu við samfélagið og tóku því allir skátar mótsins þátt í því að bæta heiminn í einn dag, og vinna verkefni sem byggja upp miðstöðina á Úlfjótssvatni.

„Dagskráin er byggð upp sem ævintýrleg, skemmtileg og krefjandi með áherslu á fjölbreytni. Við vildum efla tengsl skátanna við náttúruna með

gönguferðum í nágrenni Úlfjótssvatns og styrkja samfélagsábyrgð skátanna með verkefnum sem byggja upp Úlfjótssvatn. Ég vona að öll hafi notið og skemmt sér vel þessa skátaviku,“ sagði Sædis Ósk Helgadóttir, dagskrárstýra á Landsmóti skáta.

Nýtt bæjarfélag á Úlfjótssvatni

Tjaldbúðirnar á svæðinu rúma hvorki meira né minna en 2000 skáta og fjölskyldur þeirra og þannig mætti segja að nýtt bæjarfélag hafi verið reist á Úlfjótssvatni á aðeins örfáum dögum.

Það rigndi vel á skátana á fyrsta degi Landsmóts. Skátarnir létu það þó ekki á sig fá og komu upp tjaldbúðum, elduðu mat og skemmtu sér vel. Þegar líða fór á kvöldið bætti þó heldur í rigninguna, stórir pollar mynduðust á tjaldflötunum og sum tjöld fóru á flot. Þar sem skátar eru einkar lausnamiðaðir og hjálpsamir voru því öll stærri tjöld nýtt til þurrkunar á minni tjöldum og öðrum búnaði. Brugðið var á það ráð að moka litla skurði sem stýrðu vatninu frá tjaldflötunum.



Selfosshöllinn kostaði 1.350 milljónir

Á 30. fundi Eigna- og veitunefndar í Svf. Árborg var til umfjöllunar uppgjör vegna byggingar fjölnota íþróttahúss á Selfossvelli. Við umfjöllun um málið lagði meirihluti D-lista fram bókun þar sem fullt var að kostnaður við byggingu mannvirkisins hefði farið 55% fram úr upphaflegri kostnaðaráætlun eða sem næmi 657 milljónum og heildarkostnaðurinn verið tæplega 1.860 milljónir með vsk.

Í kjölfarið á þessari bókun óskaði undirritaður eftir því að sviðsstjóri Mannvirkja- og umhverfissviðs legði fram uppgjör á kostnaði við framkvæmdina þar sem fulltrúar minnihlutans í nefndinni töldu verulegan vafa leika á því að upphæðir þær sem settar voru fram í bókun D-listans stæðust skoðun og væru samanburðarhæfar.

Það kom svo í ljós á 32. fundi Eigna- og veitunefndar, þann 2. júlí sl., að skv. uppgjöri sviðsstjóra fór kostnaðurinn 9% fram úr kostnaðaráætlun eða rúmar 111 milljónir króna.

Heildarkostnaðurinn við bygginguna var tæplega 1.350

milljónir án vsk. og var ávallt innan fjárheimilda fjárfestingaáætlunar hvers árs meðan á framkvæmdinni stóð. Þess ber að geta að kostnaður við verkfræmndir eru ekki gefnar upp með vsk. þar sem hann fæst endurgreiddur.

Í ljósi þess að í bókun meirihluta D-lista voru settar fram villandi og rangar upplýsingar fóru fulltrúar minnihlutans fram á að formaður nefndarinnar segði af sér vegna vanhæfis jafnframt að bókun meirihlutans yrði dregin til baka og bæði íbúar og starfsfólk beðið afsökunar á rangfærslunum.

Enn sem komið er hefur ekki verið orðið við því.

Vanhæfi eða lygar?

Það er ekki laust við að það læðist að manni sá illi grunur að fulltrúar D-lista hafi vísitandi lagt fram rangar og villandi upplýsingar til að reyna að láta líta svo út að kostnaður við Selfosshöllina hafi verið hærri en raun bar vitni. Tilgangurinn með því hafi verið sá að koma kostnaðinum í átt að þeim 3 milljörðum sem fulltrúar þeirra fullyrtu að

Sigurjón Vídalín
Guðmundsson

Bæjarfulltrúi
Samfylkingar í
Svf. Árborg



framkvæmdin hefði kostað í samtölum við íbúa í kosningarátvottunni fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar.

Að því sögðu þá stendur það núna uppá kjörna fulltrúa D-listans og formann eigna- og veitunefndar að upplýsa íbúa hvort um var að ræða vanhæfi og skort á skilningi við túlkun og framsetningu á uppgjöri framkvæmdarinnar eða vísitandi blekkingar og lygar í þeim tilgangi að koma högg á pólitíska andstæðinga og villa um fyrir íbúum Árborgar.

Hvort heldur sem er þá eiga íbúar heimtingu á faglegri vinnubrögð frá kjörnum fulltrúum en raunin hefur verið í þessu máli.

Að lokum hvet ég íbúa til að kynna sér málið með því að lesa yfir fundargerðir Eigna- og veitunefndar frá 16. apríl og 2. júlí sl.



Sunnlenski matgæðingurinn



Ég vil þakka bróður mínum fyrir að henda mér í þessa áskorun. Matur er ofarlega í huga hjá mér alla daga. Hvað ég geti prófað að búa til næst og hvað á að elda í kvöld. Ég hef gaman að því að prófa mig áfram í eldhúsinu og af því til efni ætla ég að henda í aðeins öðruvísi útgáfu af sumarlegum hamburgara.



Hjörtur Ragnarsson er matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Gæsa/villibráða hamburgari með pikklauðum rauðlauk, bláberjasultu og blámygluosti.

Pikklaður rauðlaukur
Rauðlaukur
Rauðvíns edik
Salt og pipar
Sítrónusafi

Rauðlaukur skorinn í þunnar sneiðar (heill hringur eða hálfur eftir smekk), í skál og helt yfir rauðvíns ediki og smá sítrónusafa úr ca. hálfri sítrónu. Raspa smá börk af sítrónunni yfir og salt og pipar eftir smekk. Setja í kæli og velta reglulega uppí þessu í u.þ.b 30 mín.

Gæsa/villibráða hamburgari

60% gæsalæra hakk eða önnur villibráð hökkuð niður (má nota hvaða villibráð sem er) 40% grísahakk (ég hakkaði niður grísasíðu) Salt og pipar

Hakka niður villibráð annars vegar og grísasíðu hins vegar og blanda saman hakkinu. Hakka það svo aftur eftir að hafa blandað því saman. Gott

Ég vill að lokum skora á vin minn Steinar Lúðvíksson sem er mikill matgæðingur og nostrari í eldhúsinu. Treysti því að hann komi með einhverja glæsilega veislu fyrir okkur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

að búa til um 150-160+ gr hamburgara því þeir rýrna á grillinu. Elda þá medium í ca 56-62° eftir smekk. Í lok eldunar setja Ljót blámygluost á borgarana og láta bráðna.

Piparrótarmajó

Hellmanns majónes
Piparrótarmauk
Salt
Sítrónusafi

Setja majónes í skál og hræra piparrót út í smá í einu og smakka til.

Smá salt og sítrónusafa út í og hræra.

Samsetning

Grilla sætkartöflubrauð, smurt með bláberjasultu og piparrótarsósan yfir á bæði brauðin. Klettsalat, pikklaður rauðlaukur, hamburgarinn með ostinum og loka svo herlegheitunum. Ég sjálfur vill hafa smá bit í minni matseld og setti jalapenio hjá mér en það er eðlilega smekksatriði.

Auðverk með lægsta boð í Hrauntungu og Tröllahraun

Tilboð í verkið „Hrauntunga og Tröllahraun“ voru opnuð þriðjudaginn 16. júlí 2024, kl. 11:00, á skrifstofu Hveragerðisbæjar. Verkið felur í sér gerð nýrra gatna í Hrauntungu og Tröllatungu í Hveragerði, með möguleika á verulegri stækkun verksins.

Framkvæmdin er undir umsjón byggingarfulltrúa Hveragerðisbæjar, sem einnig er verkkaupi verksins. Kostnaðarverð hönnuðar er 338.222.370 krónur og er stefnt að verklokum 1. júní 2025.

Alls bærust sjö tilboð og eru þau sem hér segir:

Stéttarfélagið ehf: 371.618.400 kr. (109,9% af kostnaðarverði hönnuðar)

Borgarverk ehf: 319.473.400 kr. (94,5% af kostnaðarverði hönnuðar)

Smávélar ehf: 305.317.750 kr. (90,3% af kostnaðarverði hönnuðar)

Stórverk ehf: 283.927.650 kr. (83,9% af kostnaðarverði hönnuðar)

JJ Pípulagnir ehf og Jarðtækni ehf: 283.140.031 kr. (83,7% af kostnaðarverði hönnuðar)

Gröfutaekni ehf: 278.521.950 kr. (82,3% af kostnaðarverði hönnuðar)

Auðverk ehf: 242.924.371 kr. (71,8% af kostnaðarverði hönnuðar)



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

„Einu sinni átt' ég ...“
Ásta gekk á fjallið ...
Árni stekkur yfir ...
Önnu tel ég lestrar ...



Svar við gátu í blaði 2761: **SKEIÐ**

DAGSKRÁIN

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvín Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreifing: Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Meirihluti bæjarstjórnar Árborgar á alvarlegum villigötum

Undanfarnir tveir mánuðir hafa verið mjög viðburðaríkir í bæjarstjórn Árborgar. Mikið hefur verið rætt um skipti á bæjarstjóra, kosti, galla, framkvæmd og klofning. Erfitt er fyrir undirritaðan bæjarfulltrúa að úttala sig um sýn sína á stóla-skiptum. Sér í lagi þegar deilur einskorðast við eitt framboð og eftirlæt ég því gerendum í því máli að skýra frá framvindunni.

Girðingin og samráðsleysi

Önnur mál hafa borið á góma og þá má nefna framgöngu meirihluta Sjálfstæðismanna og Á-lista við girðingu í Sigtúns-garði. Undirritaður nýtti allan lýðræðislegan rétt sem bæjarfulltrúi til að vísa málinu til bæjarstjórnar og þaðan í frekara samráð í skipulagsnefnd. Frekari samvinna er ekki í boði og því er ágætt að sjá það sjónarmið koma fram. Samráð skal haft við hentugleika. Vandamálið við samráð og samvinnu er að það gengur í báðar áttir og nýr meirihluti slær hér nýjan tón. Fyrstu tvö árin með samvinnu og samráð en tvö hin síðari er það ekki í boði.

Eigna- og veitunefnd

Í síðustu viku var fundur í eigna- og veitunefnd þar sem uppgjör á Selfosshöll var lagt fram. Fyrir hafði meirihluti bókað að þau hefðu reiknað sig niður á nýja niðurstöðu um að kostnaðurinn hefði verið 1.857 ma.kr. Hið rétta kom svo fram en raunin var 1.348 ma.kr. Hér var haldið fram rangri upphæð með það að markmiði að láta fyrri meirihluta líta illa út fyrir einhverra hluta sakir. Óskiljanleg er framganga meirihluta Sjálfstæðismanna og enn verra er hversu illa þetta kom við starfsmenn sveitarfélagsins. Minnihluti hvatti meirihluta til að láta af þessu en áfram var haldið. Raunin varð að leiðréttingar voru lagðar fram í fjórum liðum sem koma fram í bókun sem undirritaður birtir jafnframt hér fyrir neðan. Til gamans, þá er þetta ekki í fyrsta skipti sem hefðbundnar reglur stærðfræðinnar vefjast fyrir meirihluta Sjálfstæðismanna...

Á-listi gengst í ábyrgð

Steininn tók úr í framgangi núverandi meirihluta Á-lista og Sjálfstæðismanna á síðasta fundi eigna- og veitunefndar. Nýr bæjarfulltrúi í meirihluta sá ekki ástæðu til að leiðrétta bókun Sjálfstæðismanna frá 16. apríl í nefndinni. Á tímupunkti bókunar (16.04.2024) var bæjarfulltrúi Á-lista í minnihluta og hafði ekkert með bókunina að gera. Að endingu var gengið svo langt að lýsa yfir eindregnum stuðningi við formann eigna- og veitunefndar sem nýverið varð uppvís að því að leggja fram rangar upplýsingar.

Betur hefði farið á með því að bæjarfulltrúi Á-lista hefði stigið til hliðar og lýst sig a.m.k. hlutlausan í málinu þar sem að-

kom að framsetningu og útreikningum var engin. Vegna aðkomuleysis Á-lista að málinu í upphafi hefði hlutleysi verið fullkomlega eðlileg viðbrögð. Einnig ber að nefna að bæjarfulltrúi Á-lista var aðili að meirihlutasamstarfinu sem ákvað byggingu Selfosshallar á kjörtímabili 2018-2022.

Eins öfugsnúið og málið kann að vera þá ætla undirritaður að gera tilraun til að skýra málið. Meirihluti Sjálfstæðismanna leggur fram ranga bókun um kostnað á Selfosshöll sem var bein ádeila á síðasta meirihluta í bæjarstjórn Árborgar sem Á-listi starfaði í á síðasta kjörtímabili. Á-listi sér ekki ástæðu til að bera til baka bókunina eða standa hlutlaus hjá. Heldur lýsir bæjarfulltrúi Á-lista yfir stuðningi við formann eigna- og veitunefndar sem veittist að fyrir meirihluta með rangindum. Núverandi bæjarfulltrúi Á-lista, sem einnig sat sem varaformaður í eigna- og veitunefnd og var varabæjarfulltrúi í bæjarstjórn á síðasta kjörtímabili, hefði mátt vita hver raunverulegur kostnaður var við byggingu Selfosshallar. Bæjarfulltrúi Á-lista situr enn í eigna- og veitunefnd og er þátttakan í atburðarásinni því fullkomlega óskiljanleg.

Er málið allt með slíkum ólíkindum að kalla þarf eftir útskýringum á hátterninu frá Á-lista fyrir íbúum sveitarfélagsins og einnig þarf að ítreka að meirihluti Sjálfstæðismanna þarf að biðja starfsmenn og íbúa sveitarfélagsins afsökunar á rangfærslunum.

Samvinna í orði en ekki á borði

Að endingu, þá fer núverandi meirihluti mjög illa af stað. Komandi mánuðir í bæjarstjórn Árborgar verða erfiðir og þá sér í lagi vegna þess að samstarf og samvinna hefur verið lögð til hliðar og meirihlutaræði lagt á borð. Við munum að sjálfsögðu beita aðhaldi og upplýsa íbúa þegar tilefni er til og má gera ráð fyrir að ítrekaðar ástæður skapast í þeim efnum á komandi mánuðum.

Bókun frá fundi Eigna og veitunefndar 02.07.2024

„Í ljósi rakalausra vinnubragða formanns Eigna og veitunefndar þá er rétt að draga fram vanhæfi formanns sem kristölluðust vinnubrögðum sem viðhöfð voru við bókun meirihluta á 30. fundi nefndarinnar þann 16.04.2024 undir máli 1 á fundinum. Rekja þarf rangfærslurnar í meginliðum og bera þarf til baka en í þessari bókun er vegið freklega að starfsheiðri embættismanna og meirihluta bæjarstjórnar Svf. Árborgar sem stóð að framkvæmdinni kjörtímabili 2018-2022.

Bókun meirihluta nefndarinnar er eftirfarandi: Bókun meirihluta D lista: Fulltrúar D lista í eigna- og veitu-

nefnd þakka starfsmönnum fyrir greinagóða samantekt á heildaruppgjöri vegna framkvæmda við Selfosshöllina. Fram kemur í uppgjörinu að heildarkostnaður við framkvæmdina hafi verið kr. 1.857.426.708- m/vsk. Því miður lá ekki fyrir heildarkostnaðaráætlun fyrir verkefnið. Kostnaðaráætlun útboðsliða var kr. 1.200.418.640- m/vsk. Framkvæmdin í heild var um 657 milljónum yfir útboðsáætlun eða um 55% sem skýrist bæði af verkþáttum sem voru hærri en kostnaðaráætlun og verkþáttum sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Má þar m.a. nefna aðkeypta tækniþjónustu, lóðarfrágang, aðgangsstýringu og leyfisgjöld.

Rangfærsla nr. 1

EKKI var gert ráð fyrir eftirtöldum verkþáttum í áætlun – samkvæmt bókun meirihluta nefndarinnar. Hér er um ófaglega framsetningu að ræða í bókun meirihluta nefndarinnar þar sem allir eftirtaldir verkþættir voru annaðhvort settir í útboð eða samið sérstaklega um. Því er ekki um að ræða að ekki hafi verið gert ráð fyrir þessum verkþáttum og skulu allir þessir liðir koma fram í uppgjöri verksins. Einnig er vert að nefna að fjárheimildir í fjárfestingaáætlun 2018-2022 voru 1.623.000.000 og fór verkefnið aldrei fram úr fjárheimildum hvers árs.

Rangfærsla 2.

BÓKAÐ var á 30.fundi eigna- og veitunefndar þann 16.04.2024 eftirfarandi: Fram kemur í uppgjörinu að heildarkostnaður við framkvæmdina hafi verið kr. 1.857.426.708- m/vsk Hið rétt er líkt og fram kemur hér að framan þá var heildarfjárhæð verksins var 1.314.775.518 kr án vsk og ekki rétt að taka virðisaukaskatt með hér í uppgjörið þar sem hann er ekki eignfærður líkt og áður hefur komið fram.

Rangfærsla 3

BÓKAÐ var á 30.fundi eigna- og veitunefndar þann 16.04.2024 eftirfarandi: Framkvæmdin í heild var um 657 milljónum yfir útboðsáætlun eða um 55% sem skýrist bæði af verkþáttum sem voru hærri en kostnaðaráætlun og verkþáttum sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Má þar m.a. nefna aðkeypta tækniþjónustu, lóðarfrágang, aðgangsstýringu og leyfisgjöld. Hið rétt er líkt og fram kemur hér að framan þá var heildarfjárhæð verksins 9% yfir samþykktum tilboðsliðum eða 111.472.520 kr.

Rangfærsla 4

Fram kom í pontu hjá formanni eigna- og veitunefndar á 39.fundi bæjarstjórnar þann 15.05.2024 undir máli nr. 8 – fundargerð eigna- og veitunefndar að þegar gerð var úttekt á áhrifum fjárfestingarinnar á fjárhag sveitarfélagsins hafi eingöngu verið

kynnt kostnaðaráætlun jarðvinnu og byggingakostnaður verkefnisins til endurskoðanda til að meta áhrifin. Hið rétt er að að sú kostnaðaráætlun sem kynnt var á á 41.fundi bæjarráðs þann 18.07.2019 eru eftirfarandi verkþættir skilgreindir og var upphæðin þar 1.187.907.620 m.vsk.

- Jarðvinna
- Burðarvirki
- Lagnir
- Rafmagn
- Frágangur utanhúss
- Frágangur innanhúss

Áhrifin voru metin um 15,4 % og því undir 20% viðmiði sveitarstjórnarlaga samkvæmt 66.gr. Það ber þó að nefna að við þetta mat var virðisaukaskattur tekin með vegna mistaka og á því að meta áhrifin án vsk sem væru þá 12,4% af áætluðum skatttekjum sveitarfélagsins. Heildaruppgjör verksins kr. 1.348.643.096 án



Arnar Freyr Ólafsson
bæjarfulltrúi Framsóknar

vsk eru því 17,1% og því undir 20% viðmiðum 66.gr. sveitarstjórnarlaga.

Að þessu samanteknu, vegna vanhæfis, er farið fram á að núverandi formaður eigna og veitunefndar segi sig frá formennsku. Jafnframt er mælt til þess að bókun Sjálfstæðismanna frá fundi 16.04.2024 sé dregin til baka og bæði íbúar og starfsmenn sveitarfélagsins beðnir afsökunar á þeim ófaglegu og villandi framsetningu sem viðhöfð var í ofangreindri bókun meirihluta D-lista.

Arnar Freyr Ólafsson
Bæjarfulltrúi Framsóknar
Sigurjón Vidarín Guðmundsson
Bæjarfulltrúi Samfylkingar“

Gleðistund að Kvoslæk í Fljótshlíð Maður um mann – um skúlptúra Steinunnar

Steinunn Þórarinsdóttir slytur fyrirlestur um verk sín í Hlöðunni að Kvoslæk í Fljótshlíð laugardaginn 27. júlí klukkan 15.00.

Steinunn hefur starfað sem myndlistarmaður í 45 ár. Hún hefur unnið að fígúratífum skúlptúr frá byrjun ferils síns. Það markaði strax verkum hennar ákveðna sérstöðu í íslenskum myndlistarheimi.

Steinunn hlaut BA-gráðu í myndlist frá Háskólanum í Portsmouth í Bretlandi. Hún stundaði framhaldsnám í Listaakademíunni í Bologna á Ítalíu og kom heim frá námi árið 1980.

Steinunn hefur haldið einkasýningar víða um heim í söfnum, galleríum og á opinberum stöðum svo sem í Bretlandi, Þýskalandi, Ítalíu, Svíþjóð, Kanada, Danmörku og Bandaríkjunum. Stórar úti-verkasýningar Steinunnar hafa verið á torgum og opinberum stöðum í mörgum heimsborgum svo sem London, Kaupmannahöfn, New York og Chicago. Tvær farandsýningar á verkum Steinunnar hafa ferðast vítt og breitt um Bandaríkin frá árinu 2007.

Verk Steinunnar eru í



Mynd: Art Bicnick

Að gera úlfalda úr mýflugu - svar við grein oddvita B lista í Árborg

Álfheiður Eymarsdóttir



Oddviti Framsóknarflokksins í sv.fél. Árborg skrifaði grein sem birtist í Sunnlenska og dfs í síðustu viku þar sem hann rakti raunir sínar í samstarfi við nýjan meirihluta í sveitarfélaginu Árborg.

Nýr meirihluti

Nýr meirihluti tók til starfa þann 23.maí sl. Við í Áfram Árborg töldum ekki grundvöll fyrir meirihlutasamstarfi marga flokka þar sem eina haldið í samstarfinu virtist vera að sami bæjarstjóri ætti að sitja áfram í stólnum í blóra við samkomulag sem kvað á um annað. Við töldum vænlegra að hefja meirihlutasamstarf við einn flokk sem við áttum málefna-

lega samleið með og hefur sýnt okkur virðingu í samstarfi það sem af er kjörtímabili. Íbúum og hagsmunum sveitarfélagsins er betur borgið ef samstarf flokka í meirihluta er reist á traustum málefnalegum grunni. Það er mikilvægt en hver situr í hvaða stól.

Öryggisgirðing og meint samráðsleysi

Fulltrúi B lista kvartar yfir skorti á samráði vegna girðingar í Sigtúnsgarði sem var reist vegna framkvæmda í nýja miðbænum.

Það að hafa samráð þýðir það að teknar eru sameiginlegar ákvarðanir og aðgerðir eru samræmdar. Þó ekki séu allir sömu skoðunar þýðir það ekki að um skort á samráði sé að ræða. Okkar starf felst í því að tala saman, eiga hreinskiptin skoðanaskipti og leita bestu niðurstöðu. Stundum á orðið samráð ekki við. Lokaniðurstaða mála þýðir oft að minnihlutinn er ósáttur við ákvarðanatöku meirihlutans.

Um öryggisgirðingar gilda skýrar reglur sem ber að fylgja. Við allar framkvæmdir ber framkvæmdaaðilum ávallt að setja öryggismál í öndvegi sbr. byggingareglugerð, 4.11.3 og 4.11.1 grein.

Framkvæmdaaðili sendi inn beiðni til byggingafulltrúa um að fá að girða af framkvæmdasvæði miðbæjarins. Skipulagsnefnd tók málið fyrir og samþykkti samhljóða að staðsetningu girðingar yrði breytt þar sem framkvæmdir væru ekki að fara af stað á öllu svæðinu strax. Þannig hefðu núverandi framkvæmdir sem minnst áhrif á hátiðarhöld í Sigtúnsgarði. Gott samtal var milli allra fulltrúa í skipulagsnefnd þar sem allir flokkar eiga fulltrúa og málið afgreitt samhljóða úr nefndinni. Í bæjarráði er óskað eftir ítarlegri gögnum sem eru lögð fram með nánari skýringum um nýja staðsetningu girðingar og hvaða framkvæmdir séu að

hefst í miðbæ Selfoss. Samt neitar fulltrúi Framsóknar að samþykka málið í bæjarráði sem fær þá endanlega afgreiðslu í bæjarstjórn 26.júní sl.

Nýja staðsetningin nær aðeins utan um svæði þar sem nú er verið að framkvæma og þýðir að hátiðarhöld í garðinum í sumari geti farið fram með eðlilegum hætti á sama tíma og öryggi vegfarenda og gesta á hátiðarhöldunum er tryggt. Girðingin er nú að mestu komin upp og er hin snýrtilegasta. Þetta nádist einmitt með góðu samtali og samráði milli sveitarfélagsins og framkvæmdaaðila. Kjörnir fulltrúar voru vel upplýstir í öllum málatilbúnaði.

Málið var rætt og afgreitt á öllum stjórnslustigum og því hvorki hægt að tala um skort á samráði né samtali.

Uppgjör ífróttahallar

Fulltrúi B lista furðar sig á að Á listi gangist í ábyrgð fyrir leiðrétt heildaruppgjör ífróttahallarinnar.

D listinn lagði fram heildaruppgjör á fundi eigna- og veitunefndar þann 16.apríl sl. Fyrir áhugasama er hægt að lesa fundargerðina á vef Árborgar. Ég sat ekki umræddan fund. Umræður kjörinna fulltrúa í bæjarstjórn þann 15. maí sl. um málið er hægt að finna í þessu myndbandi <https://www.youtube.com/watch?v=vkmm3DDsVI&t=6863s>. Umræðan hefst á 1:26:00.

Þar kemur skýrt fram að Á listinn tekur ekki ábyrgð á þessu uppgjóri frá 16.apríl sl. og telur það rangt.

Í kjölfar þessa samtals kjörinna fulltrúa þá leggur nýr meirihluti eigna- og veitunefndar fram leiðrétt uppgjör á fundi í eigna- og veitunefnd þann 2.júlí sl. sem Á listinn tekur fulla ábyrgð á. Tekið er fram í bókun meirihlutans að okkur þætti leitt að uppgjör með verkþáttum sem áttu ekki að vera inn í heildaruppgjöri hefðu verið birtar þann 16. apríl sl.

Í framhaldi þessa máls er verið að skýra betur verklag sveitarfélagsins við framlagningu kostnaðaráætlana og uppgjöra við framkvæmdir svo slíkt gerist ekki aftur.

Með leiðréttu uppgjöri er málinu vonandi lokið í sátt.

Jákvætt samstarf nýs meirihluta

Það hefur ýmislegt jákvætt áunnist á þeim rúmum 7 vikum sem nýr meirihluti hefur starfað.

Við höfum samþykkt að stofna samráðshóp til að endurhanna Sigtúnsgarðinn í ljósi nýs deiliskipulags frá því í júní 2023 og gera hann þannig úr garði að fleiri viðburðir og meiri samvera í garðinum verði ákjósanleg. Í hópnum verða hagaðilar, s.s. viðburðahaldarar, ífróttafélögin ofl.

Við erum að gera úttekt á skólamáltíðum eftir að okkur var bent á að þeim gæti verið ábótavant í gæðum og næringargildi.

Við erum á góðu skrið með undirbúning fjárhagsáætlana-gerðar og frekari hagræðingar- aðgerða sem eiga ekki að koma niður á minni þjónustu við íbúa eða meiri álögum.

Ég gæti talið fleira upp en hlífi lesendum fyrir langri blaðagrein.

Að lokum

Bæjarfulltrúi B lista telur sig þess umkominn í pistli sínum að segja mér fyrir verkum og hvernig ég eigi að haga mínum störfum. Þetta kann ég ekki við. Ég er fullfær um að taka ákvarðanir og geri það í samráði við mitt samstarfsfólk í Áfram Árborg og meirihlutanum. Ég fæst ekki um það hvernig oddviti B lista hagar sínum störfum.

Álfheiður Eymarsdóttir oddviti og bæjarfulltrúi Á lista, varaformaður bæjarráðs og eigna- og veitunefndar.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30, fundur, Hrisholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrisholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrisholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrisholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrisholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrisholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

KIRKJUR

Messa í Selfosskirkju

Messa með altarisgöngu klukkan 11. Prestur er Ása Björk, en tónlistina leiða Ester organisti og kirkjukórinn. Þema messunnar er ljósið, kærleikurinn og heiðarleikinn.

Messuauðlýsing

Arnarbæli í Ölfusi: útiguguþjónusta kl. 14. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar, organisti er Ester Ólafsdóttir. Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsókna leiðir safnaðarsöng. Kirkjukaffi að guðsþjónustu lokinni. Ef veðrið bregst verður guðsþjónustan í Kotstrandarkirkju.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11. Sr. Axel Á Njarðvík, sóknarprestur þjónar fyrir altari. Pétur Nói organisti. Verið velkomin.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eygravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Útiguguþjónusta í Arnarbæli

Sunnudaginn 28.júlí kl.14 verður útiguguþjónusta í Arnarbæli í Ölfusi. Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna leiðir söng, organisti er Ester Ólafsdóttir og sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar. Að guðsþjónustu lokinni verður býður

Kotstrandarsókn og kirkjukórinn í kirkjukaffi.

Arnarbæli er við ósa Ölfusár. Athugið breyttan Suðurlandsveg milli Hveragerðis og Selfoss, en leiðin er vel merkt. Kirkju er fyrst getið í Arnarbæli um 1200 og síðasta kirkja þar var ofan

tekin 1909 þegar Arnarbælis- og Reykjasóknir voru sameinaðar og ný kirkja byggð á Kotströnd. Arnarbæli var prestssetur til 1942.

Ef veðrið bregst verður guðsþjónustan í Kotstrandarkirkju.



Mikil ánægja með heimsókn Garðyrkjufélags Íslands á Flúðir

Það var mikil viðurkenning fyrir Hrunamenn þegar Garðyrkjufélag Íslands ákvað að sumarferðin í ár skyldi fara fram á Flúðum, mánudaginn 15. júní síðastliðinn. Ferðin, sem uppselt var í, naut mikilla vinsælda eins og sumarferðir félagsins gera jafnan.

Sveitarstjóri Hrunamanna-hrepps, Aldís Hafsteinsdóttir, tók að sér að velja hvaða garðar yrðu heimsóttir, sem var ekki auðvelt verk, þar sem hópurinn hefði getað skoðað þrisvar sinnum fleiri garða sem allir hefðu vakið aðdáun og ánægju meðal garðyrkjuáhugafólksins. Vegna

stærðar hópsins, sem var í 70 manna rútu, þurfti að taka tillit til gatnakerfisins og möguleika á að snúa rútuinni þegar garðarnir voru valdir.

Heimsóttir voru fjórir garðar; Bjarkarhlíð hjá þeim Önnu Magnúsdóttur og Helga Guðmundssyni, Smiðjustígur 1 hjá

Margréti Óskarsdóttur og Birni Hreiðari Björnssyni, Smiðjustígur 3 hjá Jakub og Kristínu og Akurgerði hjá Jóni Snorrassyni og Þóru Biering en einnig röltu gestir bæði Ásastíginn og inn Túngötu og nutu þess að skoða alla þá fallegu garða sem eru við þessar götur.

Gestirnir voru yfir sig hrifnir, ekki síst af móttökum garðeigenda sem tóku einstaklega vel á móti þeim. Einnig reyndist mánudagurinn einn besti dagur sumarsins, sem bætti enn frekar upplifun gesta.



Aldís Hafsteinsdóttir ásamt hjónunum Birni og Margréti á Smiðjustíg 1.



Smiðjustígur 1



Garðurinn við Smiðjustíg 1.



Gabriela, Gurrý og hjónin Jakub og Kristína, íbúar á Smiðjustíg 3.



Akurgerði



Akurgerði



Smiðjustígur 3



Gurrý ásamt hjónunum Jóni og Þóru í Akurgerði.



Gurrý, Anna Magnúsdóttir í Bjarkarhlíð og Aldís Hafsteinsdóttir.



Akurgerði



Garðurinn við Smiðjustíg 3

Þrír iðkendur UMFS á palli í þriðju umferð Íslandsmótsins

Þriðja umferð Íslandsmótsins í motocross fór fram 20. júlí á vegum KA á Akureyri. Rúmlega 75 keppendur tóku þátt. Aðstæður til keppni voru með besta móti. Iðkendur og félagsmenn UMFS voru 5 og náðu þrír

þeirra á pall. Í flokknum MX1 varð Alexander Adam Kuc í öðru sæti, í flokknum MX2 sigraði Eric Máni Guðmundsson og í kvennaflokk varð Ásta Petrea Hannesdóttir í öðru sæti. Annel Adamsson keppti í unglinga-

flokki og heldur áfram að bæta sig í hverri keppni.

Fjórdða umferð Íslandsmótsins fer svo fram þann 10. ágúst á nýju svæði UMFS í Bolaöldum.



Eric Máni



Ásta Petrea



Alexander Adam



75 manns mættu í ferðina. Hér stillir hópurinn sér upp til myndatöku á planinu við félagsheimilið



Lóa tekur vel á móti viðskiptavinum í Icemart í Hveragerði. Ljósmynd: Dagskráin/BRV.

Ný fataverslun opnar í Hveragerði

Nýja fataverslunin Icemart opnaði formlega í Hveragerði fimmtudaginn 18. júlí sl. Verslunin, sem staðsett er í Sunnumörk 2, er afrakstur samstarfs milli Icemear og Ólafar Ingibergsdóttur, einnig þekkt sem Lóa.

„Ég og Icemear stöndum að þessu í samvinnu. Samstarfið er frábært, ég hef verið með vörur frá þeim í um 3 ár og það er mjög gott að vinna með þeim, þannig að það var engin fyrirstaða fyrir því að fara í samstarf,“ sagði Lóa í samtali við Dagskrána.

Lóa og Icemear sáu tækifæri í því að opna verslunina þegar Upplýsingamiðstöðin flutti úr Sunnumörk.

„Við sáum tækifæri í þessu bili sem losnaði þegar Upplýsingamiðstöðin fór úr Sunnumörk, sem er á besta staðnum í verslunarmiðstöðinni, að gera flotta búð sem er með úrval bæði fyrir ferðamenn og heimafólk. Frábært úrval af minjagripum og útivistarfatnaði,“ segir Lóa.

Fjölbreytt úrval á sanngjörnu verði

Verslunin mun bjóða upp á fjölbreytt úrval fatnaðar og vörumerkja frá Icemear á sanngjörnu verði. „Í versluninni mun fólk finna vörur á sanngjörnu verði sem Icemear hefur ávallt verið með. Svo munum við sjá hvernig markaðurinn verður og vera í takt við hann,“ sagði Lóa. Aðspurð um hvað geri þessa verslun einstaka, svaraði hún einfaldlega:

„Viðskiptavinurinn er númer eitt.“

Lóa er ánægð með að hafa fengið tækifæri til að þjónusta Sunnlendinga í nýju versluninni. „Ég elska að þjónusta fólk og er heppin að hafa fengið að vinna við það sem ég elska, bæði með bakaríið og Römlu og svo þessa verslun. Ég hlakka til að taka á móti öllum Sunnlendingum, verið hjartanlega velkomin í Sunnumörk 2 í Hveragerði,“ segir Lóa og brosir.

Hvergerðingar og nærsvæitungar geta því flykkst í

nýju verslunina sem mun þjóna bæði heimamönnum og ferðamönnum með fjölbreyttu úrvali fatnaðar og minjagripa. En samkvæmt Lóu munu þau skella í opunarhátíð sem allra fyrst. BRV



VÖKVATÆKI EHF.

Búðahellu 4X - 221 Hafnarfjörður
vokvataeki.is - vt@vokvataeki.is
Sími 861 4401

OMR mótórar
á lager



Vatnsdælur sem
tengjast á PTO
til á lager



PÚLSINN

Raf & kælipjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 - pulsinn@pulsinn.com

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bntnet.is - www.pipulagnirjulla.is

FALIN PARADÍS

Tjaldsvæðið Hraunborgum Grímsnesi

Allt fyrir fjölskylduna, sundlaug, heitir pottar og sauna Leiksvæði fyrir börnin, veitingastaður, bar og golfvöllur. Opíð alla daga frá kl. 11 - 21 nema föstudaga og laugardaga lokar kl. 23. Markaður alla laugardaga frá kl. 10 - 15. Í sumar þar sem er að finna nýbakað brauð og bakkelsi ofl. Sími 692 3555 - hraunborgir33@gmail.com



Bilasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

BRACAF VINÁTTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

800
LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HP

**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

**Sprettur
ÁBURÐUR**

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll**

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980